

Húsakynni bs.
Ársreikningur 2022

Húsakynni bs.
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Kt. 691200-4690

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Húsakynni bs. er byggðasamlag og aðilar að því eru Rangárþing ytra og Ásahreppur. Byggðasamlagið annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem sveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna.

Rekstrartekjur byggðasamlagsins námu 25,7 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 10,2 millj. kr. milli ára eða um 65%.

Á árinu námu launagreiðslur byggðasamlagsins 257 þús. kr., auk 40 þús. kr. í launatengd gjöld.

Rekstrarkostnaði byggðasamlagsins er skipt milli aðildarsveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli.

Stjórn byggðasamlagsins staðfesta hér með ársreikning Húsakynna bs. fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Hellu, 30. mars 2023.

Stjórn:

Þórunn Dís Þórunnesdóttir
Móttur Björnsson
Katrín Inga Hesson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Húsakynna bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Húsakynna bs. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfoss, 30. mars 2023

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	Áætlun 2022	2021
Rekstrartekjur				
Rekstrarframlag Rangárbings ytra	5	13.188.156	14.758.685	7.746.573
Rekstrarframlag Ásahrepps	5	6.713.642	7.187.315	3.772.495
Tekjur af eignum í umsýslu	5	5.442.973	4.900.000	4.037.599
Tjónabætur		394.785	0	0
		<u>25.739.556</u>	<u>26.846.000</u>	<u>15.556.667</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	2	297.245	325.000	157.524
Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu	3	22.857.655	23.946.000	12.662.894
Annar rekstrarkostnaður	4	2.566.077	2.550.000	2.723.990
		<u>25.720.977</u>	<u>26.821.000</u>	<u>15.544.408</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		18.579	25.000	12.259
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		1.675	6.000	2.092
Fjármagnstekjuskattur		(369)	(1.000)	(455)
Vaxtagjöld og verðbætur		(19.885)	(30.000)	(13.896)
		<u>(18.579)</u>	<u>(25.000)</u>	<u>(12.259)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Veltufjármunir			
Óinnheimt framlög aðildarsveitarfélaga	5	4.292.570	4.277.314
Aðrar skammtímakröfur		98.501	719.478
Handbært fé		1.090.082	630.224
Veltufjármunir samtals		<u>5.481.153</u>	<u>5.627.016</u>
Eignir samtals		<u>5.481.153</u>	<u>5.627.016</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við aðildarsveitarfélög	5	2.839.344	2.268.716
Skuldir við aðra tengda aðila		190.000	161.000
Aðrar skammtímaskuldir		2.451.809	3.197.300
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.481.153</u>	<u>5.627.016</u>
Skuldir samtals		<u>5.481.153</u>	<u>5.627.016</u>
Skuldir samtals		<u>5.481.153</u>	<u>5.627.016</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	Áætlun 2022	2021
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrariðurstaða ársins		0	0	0
Veltufé frá rekstri		0	0	0
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:				
Skammtímaþrófur, lækkun		620.977	0	9.814
Skammtímaskuldur, (lækkun) hækkun		(716.491)	0	1.793.077
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(95.514)	0	1.802.891
Handbært fé (til) frá rekstri		(95.514)	0	1.802.891
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting vegna eigna í umsýslu	5	(14.703.958)	(15.000.000)	(3.591.826)
Fjárfestingarframlag Rangárbings ytra	5	9.888.412	10.087.500	2.415.503
Fjárfestingarframlag Ásahrepps	5	4.815.546	4.912.500	1.176.323
Fjárfestingarhreyfingar		0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar				
Staða við aðildarsveitarfélög, breyting		555.372	0	(3.167.351)
Fjármögnunarhreyfingar		555.372	0	(3.167.351)
Breyting á handbæru fé		459.858	0	(1.364.460)
Handbært fé í ársbyrjun		630.224	0	1.994.684
Handbært fé í árslok		1.090.082	0	630.224

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Viðskiptakröfur eru færðar niður um 2,5 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift er að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kanna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.
- c. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

	2022	Áætlun 2022	2021
2. Laun og launatengd gjöld			
Stjórnarlaun	257.343	280.000	137.922
Launatengd gjöld	39.902	45.000	19.602
	<u>297.245</u>	<u>325.000</u>	<u>157.524</u>
3. Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu			
Vátryggingar	2.468.022	2.332.000	2.234.778
Viðhald húsnæðis og lóðar	18.931.470	20.874.000	10.160.019
Gámaþjónusta, holræsaheinsun, snjómokstur	908.075	560.000	108.547
Verkfræðiþjónusta	367.970	0	0
Rafmagn	182.118	180.000	159.550
	<u>22.857.655</u>	<u>23.946.000</u>	<u>12.662.894</u>
4. Annar rekstrarkostnaður			
Bókhaldsþjónusta	1.391.628	1.330.000	1.275.624
Endurskoðun og reikningsskil	938.775	900.000	865.525
Ökutækjastyrkur	7.104	0	16.485
Aðkeypt vinna frá Rangárþingi ytra	197.208	300.000	128.976
Þjónustugjöld	22.434	10.000	37.380
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna	0	0	400.000
Annar kostnaður	8.928	10.000	0
	<u>2.566.077</u>	<u>2.550.000</u>	<u>2.723.990</u>

5. Rekstur og fjárfesting vegna eigna í umsýslu

Byggðasamlagið annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem aðildarsveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Sveitarfélögin greiða framlög til byggðasamlagsins í samræmi við eignarhlut þeirra í viðkomandi eignum, en framlögin mæta kostnaði við rekstur og fjárfestingu vegna eignanna að teknu tilliti til tekna af útleigu.

	Rangárfing ytra	Ásahreppur	Samtals
Yfirlit um rekstur eigna í umsýslu:			
Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu	14.910.477	7.552.393	22.462.870
Þátttaka í sameiginlegum rekstrarkostnaði	1.938.078	943.823	2.881.901
Tekjur af eignum í umsýslu	(3.660.399)	(1.782.574)	(5.442.973)
	<u>13.188.156</u>	<u>6.713.642</u>	<u>19.901.798</u>
Yfirlit um fjárfestingu vegna eigna í umsýslu:			
Gólf í íþróttahúsi	9.558.326	4.654.798	14.213.124
Plan á Laugalandi	330.086	160.748	490.834
	<u>9.888.412</u>	<u>4.815.546</u>	<u>14.703.958</u>
Yfirlit um framlög aðildarsveitarfélaganna:			
Staða í ársbyrjun	4.277.314	(2.268.716)	2.008.598
Rekstrarframlög vegna eigna í umsýslu	13.188.156	6.713.642	19.901.798
Fjárfestingarframlag vegna eigna í umsýslu	9.888.412	4.815.546	14.703.958
Innborganir á árinu	(23.061.312)	(12.099.816)	(35.161.128)
Staða í árslok	<u>4.292.570</u>	<u>(2.839.344)</u>	<u>1.453.226</u>